# AUGLÝSING

**frá ríkisskattstjóra um bústofn til eignar í skattframtali 2013.**

*Eignamat í árslok.*

Samkvæmt 2. tölul. 73. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, skal telja búpening til eignar með verði er ríkisskattstjóri ákveður til eins árs í senn. Samkvæmt 1. gr. reglugerðar nr. 213/2001, um skattalega meðferð á bústofnsbreytingu og kaupverði lífdýra í landbúnaði, skal færa bústofn allan í ársbyrjun á bústofnsskýrslu með því verði sem ríkisskattstjóri ákveður sbr. framangreint.

Ríkisskattstjóri hefur ákveðið eftirfarandi mat á búpeningi í árslok 2012, álagningarárið 2013, vegna bústofnsskýrslu fyrir það álagningarár:

| | | kr. |
|---|---|---|
| Mjólkurkýr | | 108.000 |
| Holdakýr og naut | | 94.000 |
| Kvígur, 1 1/2 árs og eldri | | 69.000 |
| Geldneyti | | 49.000 |
| Kálfar, yngri en 1/2 árs | | 12.500 |
| Ær og sauðir | | 7.400 |
| Hrútar | | 11.800 |
| Gemlingar | | 6.600 |
| Geitur | | 3.700 |
| Hross á 14. vetri og eldri | | 17.000 |
| Hross á 5. – 13. vetri | | 34.000 |
| Fulltamin reiðhross á 5. – 13. vetri | | 140.000 |
| Önnur nýtanleg reiðhross | | 70.000 |
| Verðlaunahross á 5. – 13. vetri | | 200.000 |
| Kynbótahestar á 5. – 13. vetri | | 280.000 |
| Verðlaunaðir kynbótahestar á 5. – 13. vetri | | 380.000 |
| Tryppi á 2. – 4. vetri | | 11.000 |
| Folöld | | 8.000 |
| Hænsni, eldri en 6 mánaða | | 870 |
| Varphænsni 6 mánaða og yngri | | 550 |
| Kjúklingar | | 210 |
| Endur | | 780 |
| Gæsir | | 1.540 |
| Kalkúnar | | 2.300 |
| Gyltur | | 34.000 |
| Geltir | | 50.000 |
| Grísir | | 7.500 |
| Kanínur | | 2.000 |
| Minkar: | Karldýr | 6.500 |
| | Kvendýr | 4.500 |
| | Hvolpar | 0 |
| Refir: | Karldýr og kvendýr | 6.000 |
| | Hvolpar | 0 |
| Önnur ótilgreind dýr nýtt í rekstri | | 3.500 |

*Reykjavík, 17. desember 2012.*

**Skúli Eggert Þórðarson** ríkisskattstjóri.